

Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Knattspyrnufélagsins Fram til að draga úr álagi á umhverfið. Fram mun ávallt leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvarðanatöku sinni.

Knattspyrnufélagið Fram hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi. Það er stefna Fram að leitast við að lágmarka áhrif neikvæðra umhverfisþátta í starfsemi sinni og hefur umhverfismál ávallt til hliðsjónar í ákvarðanatöku félagsins.

Íþróttamiðstöð Fram er byggð samkvæmt BIM staðli sem er ætlað að leiða til aukinna gæða mannvirkja og hagræðingar á líftíma þeirra. Húsið er einnig BREEAM vottað en BREEAM stendur fyrir Building Research Establishment Environmental Assessment Method er eitt víðtækasta og þekktasta vistvottunarkerfi fyrir skipulag og byggingar.

Það hvetur bæði til sjálfbærrar byggðar, byggingarhönnunar og vistvænnar stjórnunar á verk- og rekstrartíma sem skapar þar með verðmætari og áhættuminni eignir. Vottunarkerfið, sem á uppruna í Bretlandi, er alþjóðlegt og notar viðurkenndan kröfuramma við frammistöðumat á hönnun, framkvæmd og rekstrartíma byggingar.

Markmið

- Haga störfum félagsins þannig að neikvæðum umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki og unnið sé í samræmi við innlenda og alþjóðlega staðla um umhverfisstjórnun.
- Uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum er varða umhverfismál starfseminnar og ganga lengra eins og kostur er.
- Leggja sérstaka áherslu á, góða nýtingu auðlinda, lágmörkun úrgangs og aukna endurvinnslu, leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vistvæn innkaup.
- Vinna að framþróun umhverfismála með stöðugri vöktun og stýringu þeirra þátta sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Efla umhverfisvitund starfsmanna, hvetja til framsækni og umhverfisvænna úrlausna.
- Virða réttindi starfsfólks
- Birta upplýsingar um árangur í umhverfismálum og hvetja til samráðs við starfsmenn, nágranna og aðra hagaðila um málaflokkinn.

Leiðarljós

- Innkaup eru í samræmi við stefnu um vistvæn innkaup.
- Starfsfólk, stjórnir og þjálfarar fá reglulega fræðslu um umhverfismál.
- Bjóða upp á umhverfisvæna valkosti í fæðuvali í Íþróttamiðstöð Fram

- Veita starfsfólki styrk til að nota vistvænan samgöngumáta.
- Hvetja iðkendur til að ganga, nota almenningssamgöngur eða hjóla á æfingar.
- Hvetja foreldra og forráðamenn til að sameinast í bíla til keppni og æfinga
- Minnka kolefnisspor m.þ.a. draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænni samgöngu.
- Úrgangur er flokkaður og skilað til endurnýtingar eða endurvinnslu. Unnið er markvisst að því að draga úr úrgangi.
- Spilliefnum og hættulegum efnum er fargað á viðeigandi hátt.

Ábyrgð

- Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd stefnunnar og endurskoðun hennar. Sérhver starfsmaður Fram framfylgir umhverfisstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í starfi sínu.